



ÚTBOÐSSKILMÁLAR

– í tengslum við sölu Landsbankans hf. á allt að 10% eignarhlut í Reitum fasteignafélagi hf. 13. apríl 2015

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík (hér eftir nefndur „Landsbankinn“, „tilboðshafi“ eða „seljandi“) hefur ákveðið að bjóða til sölu þegar útgefið hlutafé í Reitum fasteignafélagi hf., kt. 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík (hér eftir nefnt „Reitir“) í samræmi við eftirfarandi útboðsskilmála (hér eftir „útboðið“).

Sölutímabil:	15. apríl 2015 kl. 10:00-16:00 (GMT)
Útgefandi boðinna verðbréfa:	Reitir fasteignafélag hf., kt. 711208-0700. Auðkenni á NASDAQ OMX Iceland hf. er: REITIR, ISIN nr. IS0000020352
Umsjónaraðili:	Markaðsviðskipti Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík
Tilboðsgjafi:	Aðili sem tekur þátt og leggur fram tilboð í útboðinu samkvæmt tilboðsblaði, sem nálgast má hjá Markaðsviðskiptum Landsbankans
Seljandi:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík
Lágmarksfjöldi hluta:	Tilboðsgjafi getur að lágmarki óskað eftir að kaupa 250.000 hluti í Reitum, en hver hlutur er 1 kr. að nafnverði
Lágmarksgengi:	Lágmarksgengi í útboðinu eru 63,0 krónur á hlut
Sölugengi:	Það gengi sem tilboðshafi ákvarðar að sölutímabili liðnu, sem skal vera að lágmarki á því lágmarksgengi sem tilgreint er af tilboðshafa á tilboðsblaði. Öll samþykkt tilboð miðast við það gengi sem tilboðsgjafi leggur inn en útboðið verður þannig amerískt útboð (e. multi price)
Viðskiptadagur:	Miðvikudagur 15. apríl 2015
Greiðslu- og afhendingardagur:	Föstudagur 17. apríl 2015

- Til að tilboð sé gilt skal tilboðsgjafi skila tilboðsblaði réttilega útfylltu og undirrituðu fyrir klukkan 16:00 (GMT) miðvikudaginn 15. apríl 2015 með tölvupósti á netfangið **utbod.reitir@landsbankinn.is**, merkt, **Reitir – útboð**. Ef tilboðsblað berst ekki til umsjónaraðila útboðsins vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firra umsjónaraðili útboðs og seljandi í útboði sig allri ábyrgð. Staðfesting umsjónaraðila á móttöku undirritaðs tilboðsblaðs er forsenda gildrar sönnunar á tilboði. Slík staðfesting verður send tilboðsgjafa eins fljótt og verða má með tölvupósti á það netfang sem tilboðsgjafi tilgreinir á tilboðsblaði.
- Seljandi áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast en hefur jafnframt heimild til að hafna einstökum eða öllum tilboðum. Gildir það um tilboðin í heild eða að hluta og án tillits til þess hvort þau eru jöfn lágmarksgengi útboðsins eða á hærri gengi. Afstaða til tilboðanna þarf ekki að byggja á sérstökum rökstuðningi.
- Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að tilboðsgjafar skila til umsjónaraðila tilboði á stöðluðu tilboðsblaði. Fjárfestar geta skilað inn fleiri en einu tilboði til tilboðshafa. Seljandi kann að samþykkja fleiri en eitt tilboð frá hverjum tilboðsgjafa. Öll samþykkt tilboð miðast við það gengi sem tilboðsgjafi leggur inn en útboðið verður þannig amerískt útboð (e. multi price). Að lágmarki skal bjóða í 250.000 hluti í Reitum en hver hlutur er 1 kr. að nafnverði. Lágmarksgengi í útboðinu er 63,0 kr. á hlut. Tilboð undir lágmarksgengi eða lágmarksfjárhæð tilboðs teljast ógild.
- Niðurstöður útboðsins verða birtar í fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. að útboði loknu og eigi síðar en klukkan 09:30 fimmtudaginn 16. apríl 2015. Umsjónaraðili mun tilkynna tilboðsgjafa fyrir klukkan 09:30 (GMT) fimmtudaginn 16. apríl 2015 hvort tilboð hans hefur verið samþykkt eða því hafnað, með tölvupósti á það netfang sem hann tilgreinir á tilboðsblaði.
- Eindagi kaupverðs er fyrir kl. 14:00 (GMT) á greiðslu- og afhendingardegi. Berist greiðsla frá tilboðsgjafa ekki á eða fyrir greiðslu- og afhendingardag er seljandi í útboði heimilt að innheimta skuldina með þeim hætti sem lög kveða á um. Í stað þess að grípa til innheimtuaðgerða áskilur seljandi í útboði sér rétt til þess að fella einhliða úr gildi tilboð sem ekki eru greidd á eindaga.
- Seldir hlutir í Reitum verða afhentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og mun umsjónaraðili útboðs biðja þann vörsluaðila sem tilboðsgjafi hefur tilgreint á tilboðsblaði, um að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi tilboðsgjafi á hjá þeim vörsluaðila. Seldir hlutir verða þó ekki afhentir fyrr en greiðsla hefur borist frá tilboðsgjafa.
- Umsjónaraðili áskilur sér rétt til að krefjast tryggingar fyrir greiðslu frá tilboðsgjafa sem leggur fram tilboð. Ef tilboðsgjafi verður ekki við slíkri kröfu þá áskilur umsjónaraðili útboðs sér rétt til að ógilda tilboð viðkomandi í heild eða að hluta.
- Tilboðsgjafi telst, með framlagningu tilboðs síns, samþykkja að greiða þóknun vegna viðskiptanna samkvæmt gjaldskrá Landsbankans. Slík þóknun er til viðbótar við kaupverð tilboðsgjafa.
- Erlendir aðilar, eins og hugtakið er skilgreint í 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, skulu fyrir lok sölutímabilsins sýna umsjónaraðila útboðsins fram á með sannanlegum hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í þeim verðbréfum sem boðin eru til sölu í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.
- Tilboðsgjafi lýsir því yfir og staðfestir:
 - að honum er kunnugt um að útboð þetta er undanþegið útgáfu lýsingar í samræmi við heimild í c-lið, 1. töluliðar, 1. málsgreinar 50. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og að hann hefur verið hvattur til að kynna sér opinberar upplýsingar sem tengjast Reitum. Tilboðsgjafi gerir tilboð þetta í hlutabréf í Reitum einungis á grundvelli opinberra upplýsinga;
 - að hann hafi lesið og skilið reglur Landsbankans um hagsmunaaðrekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og finna má á vefslóðinni <http://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/>;
 - að kaup hans á hlutafé í Reitum í útboðinu séu að hans eigin frumkvæði, enda fari þau fram á grundvelli tilboðs hans;
 - að í tilboði hans felist bein fyriræli hans um kaup á verðbréfum, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og að honum sé ljóst að Landsbankanum er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutafé í Reitum sé viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki verndar samkvæmt 16. gr. framangreindra laga;
 - að hann geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutafé í Reitum.

Útboðsskilmálar þessir eru aðgengilegir á vefsíðu Landsbankans: www.landsbankinn.is.

Öðrum skilmálum en fram koma í tilboðsblaði og í útboðsskilmálum þessum er ekki fyrir að fara.

Um framangreint útboð gilda íslensk lög. Verði ágreiningur milli aðila um útboðsskilmála þessa skulu aðilar reyna til hins ýrasta að leysa hann sín á milli. Sé aðilum ekki fært að leysa slíkan ágreining sín má milli skal reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.